

Djúpavogshreppur
Gauti Jóhannesson
Bakka 1
765 DJÚPAVOGI



Reykjavík, 12. desember 2018

Efni: Tilraunaverkefni um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni

Kæri Gauti Jóhannesson

Því miður er Djúpavogshreppur ekki á meðal þeirra sveitarfélaga sem fyrst verða tekin inn í tilraunaverkefni Íbúðalánasjóðs í húsnæðismálum landsbyggðarinnar.

Íbúðalánasjóður auglýsti eftir þátttakendum í verkefnið í haust og sóttu um alls 33 sveitarfélög frá öllum landshlutum. Öll verkefnin þóttu áhugaverð, hver á sinn hátt, en starfshópur skipaður fulltrúum Íbúðalánasjóðs, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Byggðastofnunar ákvað að Dalabyggð, Vesturbyggð, Snæfellsbær, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Norðurþing, Hörgársveit og Seyðisfjarðarkaupstaður yrðu fyrst í röðinni sem tilraunasveitarfélög. Íbúðalánasjóður mun í kjölfarið bjóða hinum sveitarfélögum 26 til samtals um framhald þeirra verkefna, með það fyrir augum að hægt verði að ráðast í uppbyggingu á sambærilegum forsendum þar fljótlega. Mun framhald þeirra verkefna meðal annars mótast af reynslu fyrstu tilraunasveitarfélaganna. Ljóst er af umfangi umsóknanna að mikill vandi ríkir í húsnæðismálum á landsbyggðinni og mikil þörf er á verkefni sem þessu.

Við mat umsókna var leitast við að mæta flestum þeim áskorunum sem lýst var í innsendum umsóknum en til þess að það væri mögulegt var þátttakendum í verkefninu, svokölluðum tilraunasveitarfélögum, fjölgað úr fjórum í sjö.

Íbúðalánasjóður vill þakka kærlega fyrir áhugann sem Djúpavogshreppur sýndi verkefninu og vonast til áframhaldandi samstarfs eins og lýst hefur verið hér að ofan.

Virðingarfyllst,

Hermann Jónasson, forstjóri